

Náttúrufræði

Kennarar: Jóna K. Karlsdóttir; Sigrún Halldóra Andrésdóttir

6

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

- Íslensk náttúra, ólíkar gerðir og uppbygging plantna, sveppa og þörunga
- Veður, loftslagsbreytingar og gróðurhúsaáhrif
- Sjór, vatn og frumefni
- Líkaminn, taugar, melting, eyru, heilbrigði og hormónastarfssemi
- Kraftar, magn, massi og mælingar
- Geimurinn, sólkerfið og sólin

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Á haustmánuðum; ágúst, september og fram í október er stefnt að því að vera með útikennslu eins og veður leyfir. Þá verður fjallað um ólíkar plöntur, sveppi og þörunga. Byggingu plantna, áhrif árstíða á þær sem og veður, hitastig, mælingar, gróðurhúsa- og umhverfisáhrif og loftslagsbreytingar.

Varðandi líkamann verður fjallað um taugakerfið, meltingu, heilbrigði, hormóna og eyru/heyrn.

Úr heimi vísindanna verður farið yfir ólíka krafta og áhrif þeirra á hreyfingu, magn, massa og ólíkar mælieiningar.

Um miðbik vetrar verður himingeimurinn skoðaður, sólkerfið og sólin. Ástæður sólarhrings, árs, flóðs og fjöru.

Að vori, fræðast nemendur um hafið og ferskvatn og vinna verkefni varðandi lífríkið, hringrás vatns og grunnbyggingareiningar alls þess sem til er.

Námsaðlögun

Námsefni aðlagð eftir þörfum.

Námsmat

Stuðst er við leiðsagnarmat og leitast við að matið sé fjölbreytt sem tekur mið af leikni, færni og hæfni nemenda í hverjum námsþætti fyrir sig. Byggt á verkefnavinnu þeirra, vinnubrögðum og skilum, hópvinnu sem og einstaklingsvinnu.

Námsgögn

Náttúrulega 2, les- og vinnubók. Myndbönd, veraldarvefurinn, vefefni og annað efni frá kennara.

